

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1978.*

F. h. r.  
Árni Þ. Árnason.

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

A) Fastagjald kr. 585.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B) Vatnsgjald kr. 1 490.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningagjald .....	kr. 495.00
Heitt vatn .....	— 995.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss

(utanmál) m<sup>3</sup> Heimæðagjald

Allt að 600 345 800 kr.

600—2000 345 800 — fyrir 600 m<sup>3</sup> + 216 kr./m<sup>3</sup> þar yfir

2000—6000 648 770 — fyrir 2000 m<sup>3</sup> + 185 kr./m<sup>3</sup> þar yfir

6000—10000 1 385 800 — fyrir 6000 m<sup>3</sup> + 161 kr./m<sup>3</sup> þar yfir

Meira en 10000 2 030 600 — fyrir 10000 m<sup>3</sup> + 142 kr./m<sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 32 240.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiddast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1978.*

F. h. r.  
Árni Þ. Árnason.

*Kristmundur Halldórsson.*